

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**916. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 22. ágúst 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Fundinn sátu:**

Elín Jóna Rósinberg aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður og Ingimar Sigurðsson varamaður.

**Embættismenn:**

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

**Fundarritari:**

Guðrún Ragnarsdóttir.

**Afgreiðslur:**

1. **1608024 Erindi frá Kristínu Sveinsdóttur f.h. eigenda Syðri-og Syðstu Kárastaða**, þar sem þeir bjóða sveitarfélaginu gamla bæinn á Syðstu-Kárastöðum til eignar, uppbyggingar og varðveislu ásamt því að hafa húsið til sýnis fyrir ferðamenn. Byggðarráð þakkar þann hug og velvild sem húseigendur sýna Húnaþingi vestra með þessu boði en sjá sér því miður ekki fært að þiggja þessa gjöf.
2. **1608020 Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 9. ágúst sl.** Byggðarráð tekur undir þær áherslur í umsögn SSNV um námslán og námsstyrki að tryggja þurfi jafnrétti til náms.
3. **1608021 Lagt fram bréf SSNV frá 15. ágúst sl. um tilnefningu fulltrúa á ársþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.** Húnaþing vestra á 4 fulltrúa. Fulltrúar Húnaþings vestra á ársþinginu eru: Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Elín R. Líndal og Ingimar Sigurðsson til vara Elín Jóna Rósinberg, Gunnar Þorgeirsson, Valdimar Gunnlaugsson og Sigríður Elva Ársælsdóttir.
4. **1608022 Lögð fram til kynningar fundargerð Hafnasambands Íslands frá 16. ágúst sl.**
5. **1608025 lagt fram bréf ungmennaráðs dags. 18. ágúst sl.** þar sem óskað er eftir heimild til að nýta kr. 34.000 af ráðstöfunarfé ungmennaráðs til að styrkja vorferð nemenda í dreifnámi. Byggðarráð samþykkir beiðnina.
6. **1608023 Lagt fram til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 12. ágúst sl.** samantekt um svör frá sveitarfélögum um löggæslukostnað vegna bæjarhátíða.
7. **1608026 Lögð fram tillaga að skipulagi vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2017.** Tillagan samþykkt samhljóða.
8. **Beiðni um gangbraut yfir Hlíðarveg á móts við íþróttamiðstöð frá Ara Karli Kárasyni.** Erindinu vísað til umhverfis- og skipulagsráðs. Samþykkt að taka á dagskrá:

9. **Lagt fram tölvubréf frá Rarik**, þar sem sveitarstjórnarmönnum er boðið á fund á Blönduósi 25. ágúst nk. kl 12:00 á Hótel Blönduósi. Oddviti mætir á fundinn.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:04

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

---

Ingimar Sigurðsson

---

Guðný Hrunð Karlsdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir